

Nd.

332. Nefndarálit

[49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Strax í byrjun yfirstandandi þings var frv. þetta lagt fram. Það var tekið til 1. umræðu 24. okt. s. l. og þá vísað til 2. umræðu og landbúnaðarnefndar. 14 vikur eru liðnar, síðan frv. var vísað til nefndarinnar, en ekki hefur það fengið tekið þar fyrir enn. Við undirritaðir, sem erum í minni hl. nefndarinnar, teljum þennan drátt á afgreiðslu málsins ekki forsvaranlegan og viljum freista þess með útgáfu nefndarálits af hálfu minni hlutans, að málið verði tekið fyrir og afgreitt í háttv. deild, enda ber brýna nauðsyn til raunhæfra aðgerða í þessu máli hið allra fyrsta.

Allmörg ræktunarsambönd hafa nú þegar ákveðið að ráðast í kaup nýrra stórvirkra ræktunarvéla, sem þau þurfa að fá til starfa, strax er jörð verður klakalaus í vor. Hafa þau sótt um styrki til kaupanna og bíða eftir svári. Það fer eftir aðgerðum Alþingis, hvort þau geta fengið vélarnar, því að án styrks frá ríkissjóði er þeim ókleift að eignast þær. Mun þá jarðræktarvinna falla niður á þeim svæðum, þar sem svo er ástatt, að óumflýjanlegt er að endurnýja vélakostinn að einhverju eða öllu leyti.

Sá grundvöllur fyrir endurnýjun vélakosts til ræktunarframkvæmda, sem lagður var með ákvæðum 10. gr. laga nr. 7 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, hefur algerlega brostið. Verðbólgan hefur gert fyrningarsjóðina óhæfa til að gegna hlutverki sínu, og sú hætta vofir yfir, að ræktunarframkvæmdirnar stöðvist af þeim sökum, ef ekkert er aðgert. Verður þetta ljóst, ef aðgætt er, hvernig verðlag hefur breytt, síðan lögin tóku gildi. Í greinargerð með frv. er frá því greint, hvernig sú þróun hefur verið.

Skulu hér endurtekin nokkur dæmi:

Árið 1945 kostaði beltavél af miðlungsstærð kr. 43500.00. Árið 1950 kr. 136000.00, hafði rúmlega þrefaldzt. Árið 1955 kr. 184000.00, hafði fjórfaldzt. Árið 1959 kr. 385000.00, hafði nifaldzt. Árið 1960 kr. 622500.00, hafði fjórtánfaldzt.

Ræktunarsamböndin hafa að sjálfsögðu ekkert fjármagn til að mæta svo gífurlegum verðhækkunum. Verðbólguþökkið, sem efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar ollu, mun stöðva þá þróun, sem verið hefur í ræktun hér á landi hin síðari ár, ef því verður enn á frest skotið að leggja fram fé til endurnýjunar hinna stórvirku ræktunarvéla. Við lítum því svo á, að afgreiðsla þessa máls þoli enga bið, og leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. febr. 1961.

Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.
frsm.